

# Hópuppsagnir í desember 2016 og á árinu 2016


## Hópuppsagnir í desember 2016

Tvær tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í desember 2016, þar sem 126 starfsmenn misstu vinnuna í iðnaðarframleiðslu og fiskvinnslu. Flestar uppsagnanna koma til framkvæmda á tímabilinu mars til júní 2017.

## Tilkynningar á árinu 2016


Á árinu 2016 bárust Vinnumálastofnun 13 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem 493 manns var sagt upp störfum. Flestir hafa misst vinnuna í fiskvinnslu, 122 eða um 25% allra hópuppsagna, í iðnaðarframleiðslu 105, eða um 21%, 73 í upplýsinga- og fjarskiptagreinum eða um 15%, 61 í verslunarstarfsemi eða um 13% og í mannvirkjagreinum 51 eða um 10%.

Mynd 1  
Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2016




Um 65% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2016 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 10% á Norðurlandi eystra, og á Vesturlandi. Mynd 2 sýnir skiptingu tilkynntra hópuppsagna á landshluta.

**Mynd 2**  
**Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2016**



Á mynd 3 má sjá að 162 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2016 komu til framkvæmda á því ári en 331 hópuppsagnanna á árinu 2016 kemur til framkvæmda á árinu 2017.

**Mynd 3**  
**Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2016 koma til framkvæmda**



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2016 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum.

**Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2016 bárust**


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	14	2,8%	1	7,7%
feb	28	5,7%	1	7,7%
mars	38	7,7%	2	15,4%
apríl	23	4,7%	1	7,7%
maí	0	0	0	0
júní	0	0	0	0
júlí	0	0	0	0
ágúst	36	7,3%	1	7,7%
sept.	116	23,5%	3	23,0%
okt.	61	12,4%	1	7,7%
nóv.	51	14,6%	2	15,4%
des.	126	21,3%	1	7,7%
<i>Alls</i>	<i>493</i>	<i>100%</i>	<i>13</i>	<i>100%</i>

### Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2016

Alls kom 231 hópuppsögn til framkvæmda á árinu 2016, 69 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2015 og 162 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2016. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2016.

**Mynd 4**

**Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2016 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2015 og á árinu 2016**



## Hópuppsagnir síðustu ár

Samtals hefur 10.018 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á 9 árum. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

Mynd 5 sýnir þróun fjölda tilkynntra hópuppsagna árin 2008 til 2016.

**Mynd 5**  
**Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2016**

